

Nd.

459. Nefndarálit

[150. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 66/1946, um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur haft mál þetta til athugunar á nokkrum fundum, rætt það við fulltrúa Vélstjórafélags Íslands og Mótórvélstjórafélags Íslands, einnig fengið bréflugar umsagnir eða álit um málið frá ofangreindum félögum og að auki frá Landsambandi íslenzkra útvegsmanna, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Fiskifélagi Íslands, vélskólanum í Reykjavík og kennurum hans og einnig greinargerð frá Vélstjórafélagi Vestmannaeyja.

Fjarri fer því, að álit þessara aðila á málinu sé á einn veg, og kemur víða fram, að vélstjórastéttin óskar mjög eindregið eftir endurskoðun á vélfræðikennslunni almennt. Er nefndin því sjónarmiði sammála, þótt ekki liti hún svo á, að óhjákvæmilegt sé að láta réttindaákvæðin, sem þetta frumvarp fjallar um, bíða eftir þeirri endurskoðun.

Tillögur þeirra aðila, sem sérstakar athugasemdir hafa gert við frumvarpið, hafa verið athugaðar, og flytur nefndin breytingartillögur á sérstöku þingskjali til að koma til móts við ábendingar og athugasemdir, sem nefndinni þóttu á rökum reistar og horfa til bóta.

Samgöngumálaráðuneytið hefur látið nefndinni í té skrá um veittar undanþágur til vélstjórnar á tveim síðustu árum. Ráðuneytið getur þess, að undanþágurnar séu jafnan veittar til 6 mánaða í senn, svo að undanþáguaðilarnir eru ekki eins margir og undanþágurnar sjálfar. Skráin er birt með áliti þessu sem fylgiskjal.

Nefndin leggur til, að frumvarpið ásamt breytingartillögum nefndarinnar verði samþykkt.

Einn nefndarmaður (Áki Jakobsson) var fjarstaddur, þegar nefndin afgreiddi málið, og Gísli Guðmundsson ritar undir nefndarálitið með fyrirvara og áskilur sér rétt til að flytja breytingartillögur við frumvarpið.

Alþingi, 30. apríl 1958.

Gísli Guðmundsson, Karl Guðjónsson, Pétur Ottesen.
form., með fyrirvara. fundaskr., frsm.
Sigurður Ágústsson.

Fylgiskjal.

Vélstjóraundanþágur veittar af samgöngumálaráðuneytinu
árin 1956 og 1957.

	1956	1957
Mótórvélar, undir 250 hð.	117	149
— 250—600 hð.	49	65
— yfir 600 hð.	49	30
Gufuvélar	48	50

24. apríl 1958.

Brynj. Ingólfsson.